

Mánudaginn 22. febrúar 1954.

Kærumálið nr. 6/1954.

**Páll Þorgeirsson f. h. Osuuspui i. l.**

gegn

**Bæjarútgerð Neskaupstaðar.**

**Dómendur:**

**hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.**

Úrskurður héraðsdómara ómerktur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. f. m., er barst dóminum 10. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að frestur samkvæmt úrskurði héraðsdóms verði stytur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að ákvæði hins kærða úrskurðar um frest verði staðfest og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi aðilja málsins. Ekki er þar heldur lýst málsatvikum né málsástæðum nema að litlu leyti. Héraðsdómari hefur því ekki gætt fyrir mæla 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á úrskurðinum þykir verða að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300,00.

### **Dómsorð:**

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Sóknaraðili, Páll Þorgeirsson f. h. Osuuspui i. l., greiði varnaraðilja, Bæjarútgerð Neskaupstaðar, kærumálskostnað, kr. 300,00, að viðlagðri aðför að lögum.

## Úrskurður

### sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 22. janúar 1954.

Mál þetta er af sækjanda höfðað með stefnu, áletraðri 11. janúar, og þingfest 15. janúar sl. Dómurinn leitaði þá sátta. Umboðsmenn beggja aðilja kváðu sáttagrundvöll hugsanlegan, en gátu ekki gengið endanlega frá sátt án samráðs við umbjóðendur sína. Voru þeir samála um að fá viku frest til að reyna samkomulag. Var af hálfu verjanda fram tekið, að hann teldi frestinn ætlaðan einungis til samningatilauna. Samningar tókust ekki. Í þinghaldi í dag krafðist verjandi skriflegs málflutnings og 5 vikna frests til að afla gagna og semja vörn, en til þess telur hann sig þurfa aðstoð málfærslumanns í Reykjavík, þar eð um flókin lögfræðileg úrlausnarefni kunni að verða að ræða. Jafnframt er af verjanda hálfu boðið, að hann skuli mæta fyrir rétti í Reykjavík að liðnum kröfðum fresti og þola þar dóm í máli þessu.

Af hálfu sækjanda var einungis lengd frestsins mótmælt, en skriflegum málflutningi ekki mótmælt.

Rétt þykir að fallast á, að þörf er verulegs frests til að afla lögfræðilegrar aðstoðar við málflutninginn vegna tregra samgangna. Með tilliti til þessa og þess réttarfarshagræðis, sem boðið er af hálfu verjanda, að samþykkt er af hans hálfu að þola dóm í málinu á varnarþingi sækjanda, þykir rétt að veita umkrafinn frest þrátt fyrir mótmæli af hálfu sækjanda.

Formaður dómsins, Axel V. Tulinius bæjarfógeti, kvað upp úrskurð þenna, en vegna annríkis meðdómenda voru þeir ekki kvaddir til, þar eð víst þótti, að aðeins yrðu lögð fram skjöl eða frestur veittur, sbr. 205. gr. 1. nr. 85/1936.

#### Niðurlagsorð:

Málflutningur skal vera skriflegur.

Umkrafinn frestur í 5 vikur skal veittur.